



316. fundur Afrekssjóðs ÍSí

10. júní 2024 kl. 15.30

Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Andri Stefánsson (AS)

1. Úthlutun 2024 og 2025.

Umræða fór fram um úthlutun vegna 2024. Hvernig hún gekk og hvaða athugasemdir komu frá sérsamböndunum.

Mörg sambönd hafa lagt til að reynt verði að kynna úthlutun fyrr. Drög að tímáætlun úthlutunar vegna 2025 liggja fyrir og þar er gert ráð fyrir að úthlutun verði afgreidd í nóvember. Það er þó undir því komið að fyrir liggja hvaða fjármagn sjóðurinn hafi til umráða.

Umræða fór fram um áherslur vegna úthlutunar fyrir árið 2025. M.a. var rætt hvort setja eigi lágmark á fjárhæð niðurfellinga á styrkjum til að einfalda ferlið, hvort rýna eigi betur hvort sérsambönd séu að fara í allar ferðir sem styrktar eru og hvort skerða skuli styrki vegna mótaþátttöku sé þátttakan einnig styrkt af alþjóðasársambandi.

Einnig var rætt hvað eigi að styrkja marga fylgdarmenn í ferðum sérsambanda og hvort sérstaklega eigi að styrkja ferðir dómara.

Þá var rætt hvort styrkja skuli sérstaklega menntun þjálfara og dómara líkt og undanfarin ár en var ekki gert við úthlutun 2024 og hvort ÓL styrkur eigi að vera jafn á öll sérsambönd.

KSR tekur saman niðurstöður umræðna og útbýr viðmið og kvarða ársins samkvæmt þeim og leggur fyrir stjórn til samþykktar.

AS yfirgaf fundinn kl. 17.00

2. Niðurfellingar vegna 2023.

Yfirferð uppgjors og ársreikninga nokkurra sérsambanda með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðun afrekspátta vegna ársins 2023 er lokið. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sérsamband	Úthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2023	Skýring
AKÍS-Akstursíþróttasamband Íslands	787.500	287.500	500.000	Þar af 112þkr. v/hæfi leikamótunar, 100þkr. v/HM/EM þátttöku og 75þkr. v/heilbr.teymis
BFSÍ - Bogfimisamband Íslands	12.150.000	254.443	11.895.557	254þkr. v/heilbr.teymis
FRÍ - Frjálsíþróttasamband Íslands	39.550.000	0	39.550.000	Kostnaður til staðar
ÍSS - Skautasamband Íslands	2.300.000	850.000	1.450.000	Þar af 750þkr. v/HM/EM þátttöku og 100þkr. v/menntunar þjálfara.
KAÍ - Karatesamband Íslands	9.475.000	759.303	8.715.698	Þar af 483kr. v/HM/EM þátttöku, 106þkr. v/menntunar þjálfara, 89þkr. v/heilbr.teymis og 80þkr. v/starfsmanns.
KLÍ - Keilusamband Íslands	12.050.000	943.300	11.106.700	943þkr. v/heilbr.teymis
LH - Landssamband hestamannafélaga	12.450.000	200.000	12.250.000	200þkr. v/menntunar dómara
SÍL - Siglingasamband Íslands	1.162.500	0	1.162.500	Kostnaður til staðar
SKY - Skyldingasamband Íslands	11.450.000	0	11.450.000	Kostnaður til staðar

Alls er því nú um 3.294.546 kr. niðurfellingar að ræða hjá sex sérsamböndum og þrjú voru með sannanlegan kostnað til staðar.

Níu sambönd til viðbótar hafa skilað inn gögnum sem eru í skoðun. Fjórtán sambönd hafa ekki skilað inn uppgjöri eða ársreikningi.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur er áætlaður mánudaginn 12. ágúst kl. 15.30.

Fundi sliti kl. 17.29